

SIÐAREGLUR LÖGREGLU

Gildissvið.

1. gr.

Íslenska lögreglan er sú stofnun þjóðfélagsins, sem hefur með höndum löggæslu í víðustu merkingu. Í reglum þessum eru taldir til starfsmanna lögreglu ríkislögreglustjóri, aðstoðarríkislögreglustjóri, lögreglustjórar, aðstoðarlögreglustjórar, skólastjóri Lögregluskóla ríkisins, löglærðir fulltrúar lögreglustjóra, lögreglumenn og annað starfslíð lögreglu auk saksóknara við embætti lögreglustjóra.

Þegar í reglum þessum er fjallað um lögreglu er vísað til þessarar stofnunar og eftir atvikum starfsmanna hennar.

Hlutverk lögreglu.

2. gr.

Hlutverk lögreglu er að gæta almannaoýggis og tryggja réttaröryggi; stemma stigu við afbrotum og vinna að uppljóstran brota; greiða götu almennings; veita yfirvöldum aðstoð við framkvæmd starfa sinna og að halda uppi almannafríði og allsherjarreglu.

Lögreglan aðstoðar borgara við að framfylgja lögnum með upplýsingum og góðum ráðum.

Í störfum sínum ber lögregla því ábyrgð gagnvart almenningi og yfirvöldum.

Starf lögreglu.

3. gr.

Starf lögreglu skal byggja á því sem mælt er fyrir um í lögum og öðrum réttarreglum og fyrirmælum um verklag sem gilda hér á landi þar á meðal þjóðréttarlegum skuldbindingum.

Í starfi lögreglu er áhersla lögð á góða siði og starfsmenn skulu vera áreiðanlegir og starfsamir fagmenn. Þeir geta því aðeins vænst trausts og virðingar vegna starfa sinna að þeir framkvæmi hlutverk lögreglu með það að leiðarljósi að þjóna samfélaginu af heiðarleika, hlutlægni, réttsýni, nærgætni, trúmennsku, þagmælsku og þekkingu.

Lögreglunni ber að viðhalda þekkingu sinni og færni.

Góðir lögregluhættir.

4. gr.

Starfsmönnum lögreglu ber að sýna árvekni í starfi sínu og kunna glögg skil á skyldum sínum og þeirri ábyrgð sem starfinu fylgir. Þeim ber að rækja starfa sinn af kostgæfni og samviskusemi og ávallt gæta fyllstu hlutlægni og réttsýni. Því skulu þeir víkja eigin hagsmunum til hliðar við framkvæmd starfa lögreglu.

5. gr.

Starfsmenn lögreglu verða ávallt að virða það að allir eru jafnir fyrir lögum án tillits til kynferðis, kynhneigðar, trúarbragða, skoðana, þjóðernis, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis eða stöðu að öðru leyti.

6. gr.

Starfsmönnum lögreglu ber þagnarskylda um þau atvik sem þeim verða kunn í starfi sínu eða vegna starfs síns. Tekur þetta t.d. til upplýsinga um einkahagi manna sem eðlilegt er að leynt fari; upplýsinga sem varða starfshætti lögreglu og fyrirhugaðar lögregluáðgerðir og annarra upplýsinga sem leynt skulu fara samkvæmt lögum, starfsreglum lögreglu eða eðli máls.

7. gr.

Starfsmönnum lögreglu er óheimilt að láta óviðkomandi aðilum, innan eða utan lögreglu, í té gögn lögreglu með nokkrum hætti.

Starfsmenn lögreglu skulu ekki tjá sig við fjölmiðla nema í samræmi við það sem mælt er fyrir um í leiðbeiningum ríkislögreglustjóra um samskipti lögreglu og fjölmiðla og eftir atvikum fyrirmæli viðkomandi lögreglustjóra.

8. gr.

Starfsmenn lögreglu skulu gæta þess að mönnum verði ekki gert tjón, óhagræði eða miski framar en óhjákvæmilegt er eftir því sem á stendur. Þeir skulu geta fært gild rök að lögmæti óhjákvæmilegra aðgerða sem felast í valdbeitingu eða þvingunarráðstöfunum hvers konar, sem ávallt verða að byggja á nauðsyn til að ná lögmætu markmiði.

Ekki má beita sakaðan mann harðræði fram yfir það sem lög heimila og nauðsynlegt er til þess að vinna bug á mótþróa gegn lögmætum aðgerðum né á annan hátt beita sakaðan mann ólögmætri þvingun í orði eða verki, svo sem með hótunum.

9. gr.

Starfsmönnum lögreglu er skylt að hlýða löglegum fyrirskipunum yfirmanna um störf sín og fylgja þeim eftir af trúmennsku, svo framarlega að þau brjóti ekki alvarlega gegn siðferðiskennd hans.

10. gr.

Starfsmenn lögreglu bera ábyrgð á gerðum sínum í starfi og fyrirmælum, sem gefin eru undirmönnum.

Yfirmenn skulu eftir mætti skapa undirmönnum sínum sómasamlega aðstöðu svo þeir geti unnið verk sín af trúmennsku.

11. gr.

Starfsmenn lögreglu skulu beita sér gegn spillingu innan lögreglunnar og verði þeir hennar varir skulu þeir tilkynna lögreglustjóra um hana.

12. gr.

Starfsmenn lögreglu skulu gæta hófs og sanngirni í ummælum sínum um samstarfsmenn sína jafnt og um aðra menn svo sem með því að taka ekki þátt í slúðri eða dreifa rógi um þá eða aðra. Þannig skulu starfsmenn lögreglu leitast við að skapa jákvætt andrúmsloft innan lögreglunnar.

13. gr.

Starfsmönnum lögreglu ber að forðast verkefni utan lögreglu sem geta leitt til hagsmunaárekstra og skulu önnur störf en lögreglustarfið víkja fyrir því.

Starfsmenn lögreglu þiggja ekki gjafir í tengslum við störf sín. Þeir skulu tilkynna lögreglustjóra ef þeim eru boðnar mútur í sambandi við framkvæmd starfa lögreglu.

14. gr.

Starfsmönnum lögreglu er í starfi sínu óheimilt að rannsaka eða aðstoða við rannsókn í eigin málum eða nákominna vandamanna eða vina nema afskipti þeirra af máli séu nauðsynleg til verndar lífi eða heilsu manna eða eignum gegn yfirvofandi hættu eða hætta sé á að frestun aðgerðar muni leiða til þess að tilgangi hennar verði ekki náð. Komi til slíkra afskipta skal starfsmaður tilkynna lögreglustjóra um þau.

15. gr.

Starfsmenn lögreglu skulu gæta þess að aðhafast ekkert það að í starfi sínu eða utan þess, sem er til þess fallið að draga óhlutdrægni þeirra í efa við framkvæmd starfa sinna.

Starfsmenn lögreglu skulu gæta orða sinna í hvívetna til dæmis við skoðanaskipti á veraldarvefnum, s.s. uppfærslur á samfélagsmiðlum og athugasemdir undir fréttir á fréttamiðlum.

Starfsmenn lögreglu skulu gæta þess að halda trúnað um mál er þeir fá vitneskju um í starfi sínu og er óheimilt að ræða um utan lögreglu s.s. á samfélagsmiðlum eða með öðrum opinberum hætti.

Starfsmenn lögreglu skulu ekki misnota eða nota með óviðeigandi hætti lögreglufatnað eða lögregluskilríki, hvorki í starfi sínu né utan þess. Sjá nánar 11.gr. reglugerðar um einkennisfatnað lögreglu.

Sakamálarannsókn lögreglu.

16. gr.

Lögregla skal gæta þess að hver sá sem er borinn sökum um refsiverða háttsemi skal talinn saklaus þar til sekt hans hefur verið sönnuð. Því skal koma fram af nærgætni við sakborning og gæta þagmælsku um afskipti lögreglu af honum.

17. gr.

Lögregla skal þá fyrst hefjast handa um sakamálarannsókn að rökstuddur grunur sé fram kominn um refsiverða háttsemi.

18. gr.

Lögregla skal rannsaka jöfnum höndum þau atriði, sem benda til sakar og sýknu sakbornings.

19. gr.

Lögregla má eigi færa fram til styrktar sönnun sakargögn, sem aflað hefur verið með óheiðarlegum hætti.

20. gr.

Lögregla má aldrei láta óviðkomandi aðila, fyrirtæki, þrýstihópa í þjóðfélaginu eða opinberar stofnanir hafa áhrif á það hvort eða hvernig sakamálarannsókn fer fram.

Síðareglur þessar öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 1. febrúar 2016

Ríkislögreglustjóri